

Nd.

815. Breytingartillögur

[238. mál]

við frv. til 1. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. 6. tölul. orðist svo:
Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjóðómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
2. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:
Leita skal tillagna siglingamálastjóra um skipun í þessi störf. Siglingamálastjóri ræður annað fast starfsfólk samkvæmt ráðningarsamningi.
3. Við 5. gr.
 - a. 2. tölul. falli brott.
 - b. 4. tölul., sem verði 3. tölul., orðist svo:
Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingu.
4. 8. gr. orðist svo:
Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík en auk þess skal stofnunin hafa umdæmisskrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum.
Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.